



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Breyttur rekstur unglingsmiðjanna Stígs og Traðar*

Hér að neðan eru hagræðingartillögur í nokkrum liðum til viðbótar við skýrslu starfshóps vegna endurskipulagningu þjónustu unglingsmiðjanna Stígs og Traðar.

Lagt er til að:

1. Styttu lengri kvöld ungmenna í hópastarfi Stígs og Traðar um 30 mínútur. Fyrra kvöldið yrði frá kl. 16:30 til 21:00 (í stað 21:30 áður) og seinna kvöldið frá kl. 16:30 til 20:00. Hver hópur er þá á hvorum stað fyrir sig 8 klst. á viku í stað 8,5 klst. áður. Hóparnir eru samtals fjórir auk einnar Unglingabráur, sem skerðist ekki.
2. Styttu frágangstíma starfsmanna ungmennastarfs um 30 mínútur á hverri vakt, samtals 2,5 klst. hjá Stíg og 2 klst. hjá Tröð á viku. Þar að auki styttest vinnutími starfsmanna um 30 mínútur á lengri kvöldum ungmennastarfsins.

Starfsmenn unglingsmiðja starfa frá kl. 16:00 til 21:30 mánudaga og þriðjudaga og kl. 16:00 til 20:30 miðvikudaga og fimmtudaga. Sama gildir um starfsteymi Unglingabráur, að frágangstími styttest um 30 mínútur þannig að starfsmenn mæta kl. 19:00 til 22:30 á miðvikudagskvöldum.

Stytting samtals 6,5 klst. á launakostnaði á viku vegna eftirfarandi:

- Styttir tími ungmenna í smiðjum: 0,5 klst./hóp * 2 hópar/viku * 2 smiðjur = 2 klst.
- Styttir frágangstíma í smiðjum : 0,5 klst./dag * 4 dagar * 2 smiðjur = 4 klst.
- Styttir frágangstíma í Unglingabráu: 0,5 klst./dag * 1 dagur * 1 smiðja = 0,5 klst.

Liður 1 og 2 sparnaður samtals: 9,7 m.kr.

3. Ráðnir verði inn forstöðumenn/teymisstjóra í 50% stöðugildi í hvora smiðju sem ganga vaktir með starfsteyminu (tvö kvöld í viku að jafnaði). Með því er mögulegt að fækka starfsmönnum teymis um einn, þar sem fimmti starfsmaður á vöktum er teymisstjóri/forstöðumaður ráðinn í sveigjanlega dagvinnu (gera þarf ráð fyrir þremur starfsmönnum á hverri vakt). Hluti starfstímans fer fram á vöktum og hluti að degi til, eins og hefur verið en með þessu verða þær vaktir hluti af vinnufyrirkomulagi. Með þessu geta forstöðumenn/teymisstjórar verið starfsteyminu innan handar að fullu í hvorri smiðju, auk þess að kynnast unglingsum og foreldrum náið með því að vera hluti af teyminu og á reglulegum vöktum.

Að lokum er gert ráð fyrir því að forstöðumenn/teymisstjórar Stígs og Traðar séu í vikulegum samskiptum til að vera stuðningur við hvorn annan og til að geta leyst hvorn annan af ef þörf er á.



Liður 3 sparnaður samtals: 3 m.kr.

Með öllum ofangreindum tillögum (stytta tíma ungmenna, stytta frágangstíma starfsmanna og breyta starfi forstöðumanns) geta sparast allt að 12,7 milljónir á ári í launakostnað, sem er jafnframt stærsti hluti rekstrarkostnaðar smiðjanna.

4. Að samstarf skóla- og frístundasviðs verði eftt með reglubundnum samráðsfundum forstöðumanna/teymisstjóra og forstöðumönnum félagsmiðstöðva. Með því mætti byggja brú milli þjónustu smiðjanna og félagsmiðstöðva, koma þannig auga á þau ungmenni sem geta nýtt sér smiðjurnar og tengja þau síðan markvisst við starfsfólk í félagsmiðstöð í lok vetrar til að hefja yfirfærslu í félagsmiðstöð í nærumhverfi ungmennis
 - Að börn í 7. bekk geti sótt um í Unglingasmiðjurnar en fram að þessu hefur verið tekið við umsóknum frá 8. – 10. bekk.
 - Að forstöðumenn/teymisstjórar Stígs og Traðar verði í samstarfi við forstöðumann Helgarsmiðjunnar en þar dvelja fötluð börn daglangt um helgar.
 - Að mannauður Stígs og Traðar og þekking verði nýtt í að þróa hópastarf innan Keðjunnar sem gæti komið í stað þess einstaklingsstuðnings sem veittur er af Keðjunni.